



Vistgerðalykill Náttúrufræðistofnunar Íslands

I. Vistgerðir á landi

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS
www.ni.is



L14.6 Skógarkerfill og fleiri áþekkar tegundir

Eunis-flokkun

E5.12 *Weed communities of recently abandoned urban and suburban constructions.*

Lýsing

Mjög gróskumikið blómlendi einkum myndað af skógarkerfli, í minna mæli spánarkerfli eða öðrum ágengum, kófnunarefnissæknum tegundum. Finnst í vaxandi mæli á friðuðu landi við þéttbýli, í vegköntum, gömlum túnnum og lúpínubreiðum þar sem jarðvegur er frjósamur og fremur rakur. Land er mjög vel gróið, gróður mjög hávaxinn, þéttur og fábreyttur.

Útbreiðsla

Finnt í vaxandi mæli í öllum landshlutum, útbreiðsla ekki nákvæmlega kortlögð enn.

Upplýsingar um skógarkerfil er að finna á [vef](#) Náttúrufræðistofnunar Íslands.



Skógarkerfill í gömlum túnnum og graslendisbökkum á Mógilsá á Kjalarnesi. Ljós. Sigurður H. Magnússon, 17. júní 2003.



Breiða af skógarkerfli í Hrísey á Eyjafirði. Ljós. Borgþór Magnússon, 11. ágúst 2011.

Náttúrufræðistofnun Íslands, júní 2019

Tekið saman af Borgþór Magnússyni

Ljósmyndir á kápu: Borgþór Magnússon, Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Sigmar Metúsalemsson, Sigurður H. Magnússon og Starri Heiðmarsson

NÝJAR LANDGERÐIR – VIÐBÆTUR 2019

L14.5 Uppgræðslur

Eunis-flokkun

Nýr flokkur, tillaga. E5.16 *Land reclamation grass fields.*

Lýsing

Svæði þar sem grösom hefur verið sáð til uppgræðslu og áburði dreift, á melum, söndum, í vegköntum og öðru raski. Grös viðhaldast að jafnaði við endurtekna áburðargjöf en gisna og hverfa eftir að henni er hætt á nokkrum árum. Þar sem aðstæður eru góðar þróast gróður yfir í moslendi og mólendi er árin líða.

Útbreiðsla

Í einhverjum mæli um allt land en mest á mela-, sanda- og uppblásturssvæðum landsins þar sem landgræðsla er stunduð, svo sem í Árnassýslu, Rangárvallasýslu, Skaftafellssýslum, Suður-Þingeyjarsýslu og á hálendinu við Blöndulón og Hálslón.



Uppgræðslusvæði á Safnási við Blöndulón. Ljós. Járngerður Grétarsdóttir, 23. ágúst 2015.



Uppgrætt svæði við nýjan veg á Vestfjörðum. Ljós. Borgþór Magnússon, 28. ágúst 2012.

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	5
LYKILL Í VISTLENDI	6
LYKILL Í VISTGERÐIR OG AÐRAR LANDGERÐIR	7
Manngert land og ræktarland	7
Hverasvæði	8
Skóglendi	9
Strandlendi	10
Hraunlendi	11
Mýrlendi	12
Skriður og klettur	14
Melar og sandlendi og Moldir	15
Moslendi	16
Graslendi	17
Mólendi	18
Jöklar	19
LISTI YFIR VISTLENDI OG VISTGERÐIR	20
NÝJAR LANDGERÐIR – VIÐBÆTUR 2019	22
Uppgræðslur	22
Skógarkerfill og fleiri áþekkar tegundir	23

L9 Graslendi

- L9.1 [Stinnastarvíst](#)
- L9.2 [Finnungsvíst](#)
- L9.3 [Bugðupuntsvíst](#)
- L9.4 [Snarrótavíst](#)
- L9.5 [Grasengjavíst](#)
- L9.6 [Língresis- og vingulsvíst](#)
- L9.7 [Blómgresisvíst](#)

L10 Mólendi

- L10.1 [Mosamóavíst](#)
- L10.2 [Flagmóavíst](#)
- L10.3 [Starmóavíst](#)
- L10.4 [Grasmóavíst](#)
- L10.5 [Fléttumóavíst](#)
- L10.6 [Fjalldrapamóavíst](#)
- L10.7 [Lyngmóavíst á hálandi](#)
- L10.8 [Lyngmóavíst á láglendi](#)
- L10.9 [Viðimóavíst](#)
- L10.10 [Viðikjarrvíst](#)

L11 Skóglendi

- L11.1 [Kjarrskógavíst](#)
- L11.2 [Lyngskógavíst](#)
- L11.3 [Blómskógavíst](#)

L12 Hverasvæði

- L12.1 [Mýrahvervíst](#)
- L12.2 [Móahvervíst](#)
- L12.3 [Fjallahvervíst](#)
- L12.4 [Hveraleirsvíst](#)

L13 Jöklar

- L13.1 [Jöklar og urðarjökklar](#)

L14 Aðrar landgerðir – Manngert og ræktarland

- L14.1 [Þéttbýli og annað manngert land](#)
- L14.2 [Tún og akurlendi](#)
- L14.3 [Skógrækt](#)
- L14.4 [Alaskalúpína](#)
- L14.5 [Uppgræðslur](#) – nýtt 2019 (sjá bls. 22)
- L14.6 [Skógarkerfill](#) – nýtt 2019 (sjá bls. 23)

LISTI YFIR VISTLENDI OG VISTGERÐIR

L1 Melar og sandlendi	L7 Strandlendi
L1.1 Eyðimelavist	L7.1 Sandstrandarvist
L1.2 Grasmelavist	L7.2 Malarstrandarvist
L1.3 Mosamelavist	L7.3 Strandmelhólavist
L1.4 Viðimelavist	L7.4 Grashólavist
L1.5 Sanda- og vikravist	L7.5 Sjávarfitjungsvist
L1.6 Landmelhólavist	L7.6 Gulstararfitjavist
L2 Moldir	L7.7 Sjávarkletta- og eyjavist
L2.1 Moldavist	L8 Mýrlendi
L3 Skriður og klettar	L8.1 Dýjavist
L3.1 Urðarskriðuvist	L8.2 Rekjuvist
L3.2 Grasviðiskriðuvist	L8.3 Sandmýravist
L3.3 Ljónslappaskriðuvist	L8.4 Hrossanálarvist
L4 Eyrar	L8.5 Runnamýravist á hálendi
L4.1 Eyra- og vikravist	L8.6 Runnamýravist á láglandi
L4.2 Auravist	L8.7 Rimamýravist
L5 Moslendi	L8.8 Rústamýravist
L5.1 Hélumosavist	L8.9 Starungsmýravist
L5.2 Melagambra- og vikravist	L8.10 Hengistararflóavist
L5.3 Hraungambra- og vikravist	L8.11 Brokflóavist
L6 Hraunlendi	L8.12 Starungsflóavist
L6.1 Eyðihraunavist	L8.13 Tjarnastararflóavist
L6.2 Fléttuhraunavist	L8.14 Gulstararflóavist
L6.3 Mosahraunavist	
L6.4 Lynghraunavist	

INNGANGUR

Lykill þessi er ætlaður til að auðvelda fólki á vettvangi að greina vistgerðir á landi. Hann á að koma þeim að notum er vinna að kortlagningu lands og öðrum er vilja setja sig inn í vistgerðaflokkun þess. Árið 2016 lauk Náttúrufræðistofnun Íslands lýsingu og kortlagningu á vistgerðum á landi, í ferskvatni og fjörum hér á landi. Þar var lagður grunnur að nýrri flokkun á náttúrufari landsins sem byggir að mestu á því hvernig tegundir plantna og dýra skipa sér saman í greinanleg samfélög eða einingar. Vistgerðaflokkun hefur á síðustu áratugum rutt sér til rúms í Evrópu. Þar er hún grunnur lýsinga og kortlagningar á náttúrufari og kemur m.a. að notum í náttúruvernd og við skipulag landnýtingar.

Hérlendis eru vistgerðir og landgerðir á landi alls 64 talsins og er þeim skipað í 14 yfirflokkka eða vistlendi¹ (t.d. mólendi, mýrlendi, skóglendi). Lýsingar á sérhverri vistgerð er að finna á staðreyndasíðum í ritinu [Vistgerðir á Íslandi](#)² og á [vef Náttúrufræðistofnunar Íslands](#).


Fyrsta skrefið í notkun vistgerðalykilsins er að greina yfirflokkinn, þ.e. hvaða vistlendi um ræðir. Það er gert með aðstoð vistlendislykils, flæðiritis á bls. 6, en í honum eru spurningar sem leiða notandann niður á rétt vistlendi. Því næst er farið á viðeigandi stað í vistgerðalyklinum og skoðað hvaða vistgerð fellur best að því landi sem verið er að skoða. Við heiti hverrar vistgerðar er tengill á staðreyndasíðu á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands sem kalla má fram ef unnið er með lykilmál í tölvu eða snjallsíma.

Aftast í vistgerðalyklinum er að finna lýsingar á tveimur nýjum landgerðum sem ástæða þótti að bæta við vistgerðir á landi, þ.e. uppgræðslur og skógarkerfill. Það á eftir að koma á daginn hvort gagn verði að þessum lykli. Ef þurfa þykir verður hann endurskoðaður í ljósi reynslunnar. Allar ábendingar og athugasemdir eru vel þegnar og má senda þær með tölvupósti á netfangi@ni.is.

1 Sigurður H. Magnússon, Borgþór Magnússon, Ásrún Elmarsdóttir, Sigmar Metúsalemsson og Hans H. Hansen 2016. Vistgerðir á landi. Í Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. *Vistgerðir á Íslandi*, bls. 17–169. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.

2 Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. *Vistgerðir á Íslandi*. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.

LYKILL Í VISTLENDI



L13 Jöklar

Land er þakið snævi eða ís árið um kring.

- [Jöklar og urðarjöklar L13.1](#)

L10 Mólendi

Land er þurr, þýft, mosa-, lyng-, eða víðiríkt, á allþykum jarðvegi (> 50 cm).

- Nær samfelld mosaþemba af melagambra og hraungambra með strjálungi af æðplöntum, einkum þursaskeggi, blóðbergi, stinnastör, möðrum og vinglum. → [L10.1 Mosamóavist](#)
- Rofið mólendi með áberandi moldarflögum milli þúfna. → [L10.2 Flagmóavist](#)
- Grasleitt og mosaríkt mólendi til heiða og fjalla, vaxið stinnastör, grasvíði o.fl. → [L10.3 Starmóavist](#)
- Grasríkt mólendi á láglandi og til heiða vaxið krækilyngi, blóðbergi, vinglum, hálingresi, snarrót o.fl. → [L10.4 Grasmóavist](#)
- Flétu- og mosaríkt mólendi vaxið krækilyngi, grasvíði, bláberjalyngi o.fl., ljósar fléttur (Cladonia) áberandi. → [L10.5 Fléttumóavist](#)
- Mólendi á láglandi og til heiða vaxið fjalldrapa, krækilyngi, bláberjalyngi o.fl., ríkt af mosum og fléttum. → [L10.6 Fjalldrapamóavist](#)
- Gróskulitlir, mosaríkir lyng- og víðimóar til heiða og á hálendi með lífrænni jarðvegsskán, gamburmosum, krækilyngi, grasvíði, fjallavíði, kornsúru o.fl. → [L10.7 Lyngmóavist á hálendi](#)
- Allgróskulegt mólendi á láglandi og lágheiðum vaxið krækilyngi, bláberjalyngi, beitilyngi, hraungambra o.fl. → [L10.8 Lyngmóavist á láglandi](#)
- Deigt mólendi á sendnu sléttlandi inn til landsins með loðvíði, fjallavíði, krækilyngi o.fl. → [L10.9 Víðimóavist](#)
- Gróskumikið víðikjarrendi á láglandi og gróðursælum stöðum inn til lands, vaxið gulvíði, loðvíði, krækilyngi o.fl. → [L10.10 Víðikjarrvist](#)

Ekkert af ofangreindu

**LYKILL Í VISTGERÐIR OG AÐRAR LANDGERÐIR****L14 Manngert land og ræktarland**

Þéttbýli, ræktarland, skógrækt, lúpína, skógarkerfill og uppgræðslur, óháð undirlagi

[L14.1 Þéttbýli og annað manngert land](#)

[L14.2 Tún og akurlendi](#)

[L14.3 Skógrækt](#)

[L14.4 Alaskalúpína](#)

[L14.5 Uppgræðslur](#) (nýtt, sjá bls. 22)

[L14.6 Skógarkerfill](#) (nýtt, sjá bls. 23)

Land er hvorki manngert né ræktað



L12 Hverasvæði

Jarðhita gætir á landsvæði, óháð undirlagi.

- Deig- og mýrlendi við heitar uppsprettur, volgrur, laugar og vatnshveri; mosabreiður með strjálengi af háplöntum eða gróskumeira land vaxið mýrastör, skriðlíngresi o.fl. → [L12.1 Mýrahveravist](#)
- Heit, þurr jörð á hæðum og bungum við gufu- og leirhveri, oft vaxin blóðbergi, skriðlíngresi o.fl. → [L12.2 Móahveravist](#)
- Heit svæði, þurr til deig, hátt til fjalla, fremur lítið gróin. → [L12.3 Fjallahveravist](#)
- Heit svæði eða ummynduð af jarðhita nær gróðurlaus, hveraleir, hrúður, vikur og útfellingar. → [L12.4 Hveraleirsvist](#)

Jarðhita gætir ekki

**L9 Graslendi**

Land er fullgróið og einkennist af mikilli þekju grasa.

- Fremur rýrt, mosaríkt graslendi með mikilli stinnastör og grastegundum. → [L9.1 Stinnastaravist](#)
- Fremur einsleitt graslendi í snjóþungum brekkum og kvosum með finnung ríkjandi. → [L9.2 Finnungsvist](#)
- Fremur rýrt graslendi í neðanverðum hlíðum og brekkum á grunnum jarðvegi með bugðupunti ríkjandi. → [L9.3 Bugðupuntsvist](#)
- Gróskumikið graslendi á sléttlendi og í hlíðum með snarrót ríkjandi. → [L9.4 Snarrótarvist](#)
- Deigt, gróskumikið graslendi í dalbotnum og á framræstu landi með hálíngresi, túnvingli, mýrastör, snarrót, loðvíði, gulvíði ofl. tegundum. → [L9.5 Grasengjavist](#)
- Deigt til þurrt gróskumikið graslendi með hálíngresi, túnvingli o.fl. grastegundum á þykkum, frjósömum jarðvegi. → [L9.6 Língresis- og vingulsvist](#)
- Blómríkt, gróskumikið graslendi eða jurtastóð í skjólsælum og sólríkem brekkum, með möðrum mjadjurt, hvönnum, blágresi, hálíngresi o.fl. → [L9.7 Blómgresisvist](#)

Ekkert af ofangreindu



L5 Moslendi

Land er allvel til vel gróið, mosar ríkjandi og einkennandi.

- Snjópungt land til heiða og fjalla, þurrt til deigt með mikilli lífrænni jarðvegsskán sem í er hélumosi, af öðru er mest um melagambra, grasvíði, fjallavíði, kornsúru o.fl. → [L5.1 Hélumosavist](#)
- Brekkur og hlíðar á úrkomusömum svæðum til fjalla vaxnar melagambra, lífrænni jarðvegsskán, grasvíði o.fl. → [L5.2 Melagambra](#)vist
- Nær samfelld mosþemba af hraungambra á láglendi og til heiða með krækilyngi, stinnastör o.fl. → [L5.3 Hraungambra](#)vist

Ekkert af ofangreindu

**L11 Skóglendi**

Land er vaxið birki, þekja birkis >10% óháð hæð.

- Birki er gisið (< 50% þekja) og lágvaxið (< 2 m). → [L11.1 Kjarrskógavist](#)
- Birki er þétt (> 50% þekja) og að jafnaði fremur hávaxið (> 2 m).
 - Lyngtegundir, einkum bláberjalyng, aðalbláberjalyng og bugðupunktur ríkjandi í skógarbotni. → [L11.2 Lyngskógavist](#)
 - Blómjurtir, einkum blágresi, og grös ríkjandi í skógarbotni. → [L11.3 Blómskógavist](#)

Land er ekki vaxið birki



L7 Strandlendi

Land er við sjávarströnd eða í sjávareyjum og undir áhrifum af sjávangangi, sjávarföllum, sjófugli eða sandfoki úr fjörum.

- Sand-, malar-, grjótkambar og sandhólar upp af fjöruborði og inn af því.
 - Sand- og fimmalarbelti, strjálvaxið fjöruplöntum, einkum fjöruarfa, bláililju, hrímblöðku, fjörukáli og melgresi. → [L7.1 Sandstrandarvist](#)
 - Malar- og grjótbelti, strjálvaxið fjöruplöntum og grösum, einkum fjöruarfa, hrímblöðku, kattartungu, vallarsveifgrasi, túnvingli o.fl. → [L7.2 Malarstrandarvist](#)
 - Sandhólar við og inn af strönd vaxnir melgresi, túnvingli o.fl. → [L7.3 Strandmelhólavist](#)
 - Gamli, grónir sandhólar eða öldur inn af strönd. → [L7.4 Grashólavist](#)
- Hallalítlar, rakar til blautar fitjar sem vatnar inn yfir á flóði.
 - Sendið, snöggvaxið graslendisbelti næst sjó vaxið sjávarfitjungi. → [L7.5 Sjávarfitjungsvist](#)
 - Blautir flóar við sjó með sterku grunnvatnsflæði frá landi og undir áhrifum af sjávarföllum, vaxnir gulstör, mýrastör o.fl. → [L7.6 Gulstararfitjavist](#)
- Sjávareyjar, klettur og björg við sjó undir áhrifum af seltu og varpi sjófugla, oft vaxin gróskumiklum blóm- og graslendisgróðri, einkum túnvingull, vallarsveifgras, skarfakál, haugarfi, ætihvönn, baldursbrá, melgresi o.fl. → [L7.7 Sjárvarkletta- og eyjavist](#)

L1 Melar og sandlendi – L2 Moldir

Land er hallalítið (< 20° halli), sendið, grýtt eða moldir og lítið gróið.

- Grýttir hálandismelar, mjög lítið grónir með lambagrasi, túnvingli o.fl. → [L1.1 Eyðimelavist](#)
- Smágrýttir, lítt grónir, sendnir melar með strjálungi af túnvingli, blóðbergi o.fl. → [L1.2 Grasmelavist](#)
- Hálfgrónir, mosavaxnir melar á láglandi og til heiða með hraungambra, krækilyngi, grasvíði o.fl. → [L1.3 Mosamelavist](#)
- Nokkuð grónir heiða- og fjallamelar með gamburmosum, grasvíði, holtasóley o.fl. → [L1.4 Víðimelavist](#)
- Lítt grónir vikrar og vikurblandaðir sandar á eldfjallasvæðum landsins. → [L1.5 Sanda- og vikravist](#)
- Sandhólar inn til lands vaxnir melgresi. → [L1.6 Landmelhólavist](#)
- Lítt til allvel gróin rofsvæði, rofjaðrar, rofabörð með mold á yfirborði. → [L2.1 Moldavist](#)

Land er ekki við sjávarströnd eða er undir litlum sem engum áhrifum af sjávangangi



Ekkert af ofangreindu



L3 Skriður og klettar

Land er bratt (> 20° halli), grjótmulningur, stórgrýtt eða klettótt.

- Mjög stórgrýttar og fremur stöðugar skriður og urðir. → [L3.1 Urðarskriðuvist](#)
- Lausar til fremur stöðugar basalt- og móbergsskriður með strjálingsgróðri af gamburmosum, smárunnum o.fl. → [L3.2 Grasviðiskriðuvist](#)
- Óstöðugar basalt-, móbergs- og líparítskriður, mjög lítið grónar, með ljónslappa, blóðbergi o.fl. → [L3.3 Ljónslappaskriðuvist](#)

L6 Hraunlendi

Land er á hrauni, hvorki vaxið birki né lúpínu; hraungrýti og nibbur eru á yfirborði, jarðvegur grunnur (< 50 cm).

- Lítt gróin (< 20%) hraun, oft sandorpin með túnvingli, blóðbergi, geldingahnappi o.fl. eða gróðurlítil unghraun. → [L6.1 Eyðihraunavist](#)
- Hraun er allvel gróið, þekja æðplantna lítil (< 20%) en lágplantna mikil (> 50%), fléttur setja svip á land, einkum breiskjur (Stereocaulon). → [L6.2 Fléttuhraunavist](#)
- Hraun er allvel gróið, þekja æðplantna lítil (< 20%) en lágplantna mikil (> 50%), mosinn hraungambri mjög ríkjandi. → [L6.3 Mosahraunavist](#)
- Hraun er allvel gróið, þekja æðplantna talsverð (> 20%) og einnig lágplantna, lyngtegundir og hraungambri ríkjandi. → [L6.4 Lynghraunavist](#)

Land er hvorki bratt né grýtt



Land er að jafnaði ekki á hrauni, eða er á hrauni sem er hulið þykum jarðvegi (> 50 cm)



L8 Mýrlendi

Land er deigt til forblautt og vel gróið.

- Mosar eru ríkjandi og gefa landi svip, þekja æðplantna rýr (< 50%).
 - Breiður af djámosum þar sem vatn sprettur fram í hliðum og til fjalla. → [L8.1 Djájavist](#)
 - Mjög rakt, smáþýft og mosaríkt land til heiða, með mikilli lífrænni jarðvegsskán, melagambra, fjallaviði, grasviði o.fl. → [L8.2 Rekjuvist](#)
 - Sendið, rýrt votlendi í kvosum og á framburðarsléttum til fjalla, með melagambra, hálmgresi, klóffífu, fjallaviði o.fl. → [L8.3 Sandmýravist](#)
 - Mosaríkir flóar til heiða og á miðhálandinu, með hengistör, klóffífu, fjallaviði o.fl. → [L8.10 Hengistararflóavist](#)
 - Mosaríkir flóar eða flár á miðhálandinu með rústabungum sem í er sífreri. → [L8.8 Rústamýravist](#)
- Starir, runnar og sef gefa landi svip, þekja æðplantna umtalsverð (> 50%).
 - Lítið til nokkuð hallandi mýrar á láglendi og til heiða með nær samfelldri og ríkjandi mýrastör (starungi), auk bláberjalyngs, fjalldrapa, krækilyngs, engjarósar o.fl. → [L8.9 Starungsmýravist](#)
 - Flatt og slétt, fjósamt mýrlendi vaxið mýrastör auk túnvinguls, gulstarar, hálmgresis o.fl. → [L8.12 Starungsfloavist](#)
 - Flatt til lítið eitt hallandi, mýraflóar með klóffífu (broki) ríkjandi, auk vetrarkviðastarar, mýrastarar og hengistarar í bleytum en bláberjalyng, fjalldrapi og krækilyng o.fl. í þúfum. → [L8.11 Brokflóavist](#)
 - Flóar á flatlendi og í kvosum á láglendi og til heiða og fjalla með tjarnastör ríkjandi, ásamt vetrarkviðastör, klóffífu o.fl. → [L8.13 Tjarnastararflóavist](#)
 - Viðáttumiklir, lítið eitt hallandi flóar til heiða skornir af þurrari rimum og þúfnagörðum sem ganga þvert á halla. Tjarnastör ríkjandi í lægðum, auk vetrarkviðastarar, mýrastarar og hengistarar en fjalldrapi, bláberjalyng og krækilyng á rimum. → [L8.7 Rimamýravist](#)
 - Sléttir, gróskumiklir flóar og flæðilönd meðfram stórám og fljótum, vaxin gulstör auk tjarnastarar o.fl. → [L8.14 Gulstararflóavist](#)
 - Lítið til nokkuð hallandi, þýft mýrlendi á láglendi, ríkt af runnum og barnamosum (Sphagnum) í starabreiðum, ríkjandi tegundir bláberjalyng, fjalldrapi, krækilyng, mýrastör, vetrarkviðastör, tjarnastör o.fl. → [L8.6 Runnamýravist á láglendi](#)
 - Lítið til nokkuð hallandi mýrlendi til heiða og fjalla, ríkt af runnum, ríkjandi tegundir fjalldrapi, bláberjalyng, mýrastör, klóffífa og fjallaviðir o.fl. → [L8.5 Runnamýravist á hálandi](#)
 - Flatt, deigt og sendið land ríkt af hrossanál sem gefur landi svipi, ríkjandi tegundir mýrastör, krækilyng, fjallaviðir, bláberjalyng, fjalldrapi, loðviðir, hrossanál o.fl. → [L8.4 Hrossanálarvist](#)

Land er þurr, (í flestum tilvikum)

**L4 Eyrar**

Land er hallalítið, í eða með árfarvegum eða á framburðarlandi áa og fljóta, sendið til grytt.

- Rakar til þurrar, gróðurlitlar áreyrar og leysingafarvegir. → [L4.1 Eyravist](#)
- Þurrar, allvel grónar áreyrar og framburðarsléttur áa og fljóta. → [L4.2 Auravist](#)

Land er utan eyra og áraura

